

Garðabær-Bæjarskrifstofur
b/t Sólveig Helga Jóhannsdóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 1. október 2020
UST202009-220/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi fyrir Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 21. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í lítilla breyttri legu útivistarstígs milli Vífilsstaðavatns og Grunnvatnsskarðs með tilliti til landslags og hæðarlegu.

Stígur

Umhverfisstofnun bendir á að með tilkomu stígsins mun umferðarmynstur friðlandsins breytast, sem getur haft áhrif á upplifun gesta sem heimsækja friðlandið auk þess að hafa mögulega áhrif á dýralíf friðlandsins. Umhverfisstofnun telur að lagningstígsins muni kalla á frekari stýringu umferðar gangandi og hjólandi fólks sem fer um friðlandið svo að verndargildi þess skerðist ekki.

Í greinargerð kemur fram að stígurinn verði tveir metrar á breidd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að raski sé haldið í lágmarki og heildar framkvæmdarsvæði stígsins verði ekki mikið umfram tvo metra.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að stígurinn falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

Umhverfisstofnun telur að ef gróðurtorfur, sem lagðar hafa verið til hliðar, duga ekki til frágangs eigi að nota staðargróður til uppgræðslu og frágangs eins og kostur er.

Eldri stígur

Í greinargerð kemur fram að eldri slóði verði áfram opinn og hægt verði að fara um hann. Umhverfisstofnun telur æskilegt að eldri slóða verði lokað með staurum og kaðli á hvorum enda slóðans svo land fái að jafna sig.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja skuli að framkvæmdin verði utan varptíma m.t.t. til fuglalífs.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skal höfð í nánd við varplönd fugla. Auk þess kemur fram í greininni að forðast skal að eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Vatnsrás

Gert er ráð fyrir að stígurinn muni þvera vatnsrás í landinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að stígurinn raski ekki vatnsrásinni svo hann valdi ekki þurrkáhrifum.

Leyfi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í deiliskipulagstillögunni að mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar að því er tekur til friðlandsins, sbr. auglýsingu um friðland Vífilsstaðavatns nr. 1064/2007. Stofnunin tekur fram að umsögn þessi jafngildi ekki leyfi til framkvæmda og þarf að sækja um það sérstaklega til stofnunarinnar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur